

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands

Ársreikningur 2017

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands
Kennitala 620316-1800
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	10

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands
Kennitala 620316-1800
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi sjóðsins

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseiganarstofnun og er tilgangur sjóðsins fólginn í að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstarreikningi sjóðsins var afkoma ársins 2017 jákvæð um kr. 7.343.694 samanborið við afkomu ársins 2016 kr. 10.432.582. Eigið fé sjóðsins í árslok 2017 nam kr. 272.388.320. Ráðstöfun afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringum

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun sjóðsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun afkomu

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfunar á afkomu sjóðsins.

Stofnendur



Sjóðurinn var stofnaður 16. desemebr 2015. Stofnendur sjóðsins voru 25 en 10 stærstu stofnframlög til sjóðsins komu frá eftifarandi aðilum:

Krabbameinsfélag Íslands
Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrv. Stm. Sameinuðu þjóðanna
Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson
Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Snæfellsness
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga
Krabbameinsfélag Suðurlands
Krabbameinsfélag Suðurnesja
Stómasamtök Íslands

Stjórn Vísindafélags Krabbameinsfélags Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2018

Stjórn:

 Magnús Karl Magnússon	 Sigríður Gunnarsdóttir
 Hermann Eyjólfsson	 Guðbjörg Edda Eggertsdóttir
 Tinna Laufey Asgeirsdóttir	 Magnús Pétursson
	 Sigurður B. Stefánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og staðfestingu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar og sundurliðanir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla og staðfesting stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöölunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjómar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulegra annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnar á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glöggja mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 5. júní 2018.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ómar H. Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	4, 9	<u>42.450.000</u>	<u>2.710.000</u>
		42.450.000	2.710.000
Rekstrargjöld			
Styrkveitingar úr Vísindasjóði		42.619.000	0
Annar rekstrarkostnaður		<u>783.248</u>	<u>1.270.750</u>
	9	43.402.248	1.270.750
Rekstrartap (-hagnaður)		(952.248)	1.439.250
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		10.399.411	14.147.306
Greiddur og reiknaður fjármagnstekjuskattur		(2.103.469)	(5.071.316)
Gengismunur		<u>0</u>	<u>(82.658)</u>
	5	8.295.942	8.993.332
Afkoma ársins		<u><u>7.343.694</u></u>	<u><u>10.432.582</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Veröbréf			
Íbúðarbréf, 1. fl.2004		4.610.052	5.037.055
Veltufjármunir			
Krabbameinsfélag Íslands		50.577.902	4.847.288
Fjárfestingarsjóðir		222.013.772	250.580.737
Handbært fé	6	1.483.520	4.579.546
		274.075.194	260.007.571
Eignir samtals		<u>278.685.246</u>	<u>265.044.626</u>

Eigið fé og skuldir		2017	2016
Eigið fé			
Bundið eigið fé:			
Höfuðstóll óskerðanlegur		20.000.000	20.000.000
Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar		158.228.432	183.689.636
		178.228.432	203.689.636
Óbundið eigið fé:			
Höfuðstóll laus til styrkveitingar		94.159.888	61.354.990
		94.159.888	61.354.990
Eigið fé samtals	7	272.388.320	265.044.626
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		2.035.026	0
Ógreiddir styrkir	8	4.261.900	0
		6.296.926	0
Skuldir samtals		6.296.926	0
Eigið fé og skuldir samtals		<u>278.685.246</u>	<u>265.044.626</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins	7.343.694	10.432.582	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(45.730.614)	(4.847.288)	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir	<u>6.296.926</u>	<u>(297.183)</u>	
	(39.433.688)	(5.144.471)	
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>(32.089.994)</u>	<u>5.288.111</u>	
Fjárfestingahreyfingar			
Veröbréf	427.003	808.952	
Fjárfestingasjóðir	28.566.965	(85.680.737)	
Eignir í fjárvörslu	0	51.165.191	
	<u>28.993.968</u>	<u>(33.706.594)</u>	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>(3.096.026)</u>	<u>(28.418.483)</u>	
Handbært fé í byrjun árs	4.579.546	32.998.029	
Handbært fé í árslok	<u>1.483.520</u>	<u>4.579.546</u>	

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseiganarstofnun og er tilgangur sjóðsins fólginn í að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Árreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Tekjur

Framlög og styrkir

Framlög og styrkir til sjóðsins eru færð til tekna þegar fjárhagslegur ávinningur vegna þeirra hefur skilað sér til sjóðsins, eða þegar unnt er að meta fjárhagslegann ávinning þeirra með ábyggilegum hætti.

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka-reikningar	Aðrir liðir	Samtals 2017	Samtals 2016
Vaxtatekjur og verðbætur	161.708	10.237.703	10.399.411	14.147.306
Afdreginn og reiknaður fjármagnstekjuskattur	(105.462)	(1.998.007)	(2.103.469)	(5.071.316)
Gengismunur	0	0	0	(82.658)
	<hr/> <u>56.246</u>	<hr/> <u>8.239.696</u>	<hr/> <u>8.295.942</u>	<hr/> <u>8.993.332</u>

Vaxtatekjur eru tekjfærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldbréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjfærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

6. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaveröbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

7. Eigið fé

Samkvæmt stofnskrá sjóðsins er óskerðanlegur hluti stofnframlags kr. 20.000.000.

Sjóðstjóri hefur árlega til ráðstöfunar 10% af upphaflegu stofnframlagi, kr. 25.461.204, án þess þó að gengið sé á óskerðanlegan hluta þess auk rekstrarafkому ársins.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll óskerðanlegur	Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar	Höfuðstóll laus til styrkveitingar	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2016:				
Staða í ársbyrjun	20.000.000	209.150.840	25.461.204	254.612.044
Af höfuðstóll til styrkveitingar	0	(25.461.204)	25.461.204	0
Afkoma ársins	0	0	10.432.582	10.432.582
Staða í árslok	<u>20.000.000</u>	<u>183.689.636</u>	<u>61.354.990</u>	<u>265.044.626</u>
Hreyfingar 2017:				
Staða í ársbyrjun	20.000.000	183.689.636	61.354.990	265.044.626
Af höfuðstóll til styrkveitingar	0	(25.461.204)	25.461.204	0
Afkoma ársins	0	0	7.343.694	7.343.694
Staða í árslok	<u>20.000.000</u>	<u>158.228.432</u>	<u>94.159.888</u>	<u>272.388.320</u>

8. Ógreiddir styrkir

Samkvæmt úthlutunarreglum Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands heldur sjóðurinn eftir 10% af úthlutuðum styrkjum sem koma til greiðslu þegar vísindarannsókn lýkur og lokaskýrslu hefur verið skilað til sjóðsins.

9. Sundurliðanir

	2017	2016
Framlög og styrkir		
Frá Krabbameinsfélagi Íslands	40.000.000	0
Plastco heyrúllur	1.200.000	0
Frá Jóhönnu Einarsdóttur	1.000.000	0
Frá Kvenfélagi Kópavogs	250.000	0
Frá Gerði Guðmundsdóttur	0	2.000.000
Frá Eimskipafélagi Íslands hf.	0	500.000
Frá Fóðurblöndunni hf.	0	200.000
Frá Guðrúnu Pálsdóttur	0	10.000
	<u>42.450.000</u>	<u>2.710.000</u>
Styrkveitingar úr Vísindasjóði		
Magrét Helga Ögmundsdóttir	7.500.000	0
Guðrún Valdirmarsdóttir	6.300.000	0
Erna Magnúsdóttir	5.000.000	0
Þórarinn Guðjónsson	4.560.000	0
Birna Baldursdóttir	4.360.000	0
Stefán Sigurðsson	4.000.000	0
Valtýr Stefánsson Thors	2.814.000	0
Inga Reynisdóttir	2.145.000	0
Erla Kolbrún Svavarsdóttir	2.000.000	0
Gunnhildur Ásta Traustadóttir	2.000.000	0
Aðalgeir Arason	1.940.000	0
	<u>42.619.000</u>	<u>0</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Lögfræðikostnaður	0	1.091.640
Þóknun vegna fjárvörslu og bankakostnaður	508.148	179.110
Krabbameinsfélag Íslands	260.400	0
Risna	14.700	0
	<u>783.248</u>	<u>1.270.750</u>